

Barnamenningarhátíð í Kópavogi 2022

Sýningar

Söguhetjur ævintýranna | Bókasafn Kópavogs

Sýning á verkum 120 leikskólabarna verður opnuð í barnadeild Bókasafns Kópavogs. Börnin hafa skapað sínar eigin ævintýrapersónur ásamt kennurum sínum og eftir innlögn frá Arndísi Þórarinsdóttur, rithöfund. Leikskólarnir eru Álfaheiði, Álfatún, Baugur, Marbakki, Núpur og Urðarhóll. Verkefnin voru unnin í aðdraganda Barnamenningarhátíðar og heimsótti Arndís Þórarinsdóttir leikskólana ásamt Grétu Björg Ólafsdóttur frá Bókasafni Kópavogs.

Smásögur Vatnsdropans | Bókasafn Kópavogs

Sýning á smásögum eftir börn úr 5. bekk í grunnskólum Kópavogs. Smásögurnar sömdu börnin í ritsmiðjum hjá Aðalsteini Ásbergi Sigurðssyni og Aðalsteini Emil Aðalsteinssyni og var smásöguhefti með völdum sögum gefið út í kjölfarið. Í ritsmiðjunum var lagt út frá sagnaheimum H. C. Andersen, Tove Jansson og Astrid Lindgren.

Leggjum línurnar | Náttúrufræðistofa Kópavogs

Verkin á sýningunni voru unnin af nemendum í 10. bekkjum í Kópavogi sem tóku þátt í loftslagsfræðsluverkefni Náttúrufræðistofunnar, sem styrkt var af Loftslagssjóði, á haustönn 2021. Nemendur unnu meðal annars s.k. loftslagslínur (e. climate stripes) fyrir mismunandi lönd í heiminum.

Sólarprent | Gerðarsafn

Sýning á ljósmyndaverkum eftir ríflega 100 börn úr 1. bekk Kársnesskóla og Kópavogsskóla. Verkin unnu þau í smiðjum hjá Hjördísi Höllu Eyþórsdóttur í Gerðarsafni þar sem unnið var með bláþrykk eða sólarprent. Sólarprent er elsta og einfaldasta ljósmyndaaðferðin þar sem sólarljósið eða útfjólublátt ljós framkallar myndina. Ljósnaumur vökví er málaður á myndflöt svo sem pappír eða bómull sem svo er þurrkaður. Þurrkaðar jurtir, úrklippur, pappír og fleira eru síðan lagðir ofan á myndflötinn og móta myndverkið. Þá er myndverkið lýst með UV ljósi. Ljósmyndin er svo framkölluð með köldu vatni og sett í þurrk. Verkin unnin í Barnamenningarviku, dagana 4.-8. apríl.

9.apríl dagskrá

Klukkan 12:00 – 12:20

Leikhópurinn Lotta | Bókasafn Kópavogs

Ævintýrapersónur úr ævintýraskóginum bregða á leik. Söngur, sprell og fjör fyrir allan aldur.

Klukkan 12:30 – 12:45

Allra veðra von | Náttúrufræðistofu Kópavogs

Sævar Helgi með aðgengilegan fyrirlestur fyrir alla fjölskylduna um loftslag og veðurfar.

Klukkan 12:45-13:00

Sautjánþúsund sólargeislar | Salurinn

Barnakórar úr Hörðuvallaskóla, Kársnesskóla og Smáraskóla syngja saman um frið á jörð. Stjórnendur:

Álfheiður Björgvinsdóttir, Ása Valgerður Sigurðardóttir og Ásta Magnúsdóttir

Klukkan 13:00-13:15

Marimbaveit Smáraskóla | Fordyri Salarins

Fjörugir marimbutónar. Stjórnandi: Ásta Magnúsdóttir

Klukkan 13:00 – 15:00

Sjóndeildarhringurinn er allan hringinn | Gerðarsafn

Listsmiðja með Björk Viggósdóttur fyrir alla fjölskylduna

Klukkan 13:15 – 13:30

Skólakór Hörðuvallaskóla | Bókasafn Kópavogs

Íslensk og erlend lög tengd náttúru, ævintýrum og friði. Stjórnandi: Ása Valgerður Sigurðardóttir

Klukkan 13:30 – 13:45

Skólakór Kárness | Gerðarsafn

Þúsaldarljóð Tryggva M. Baldvinssonar við ljóð Sveinbjarnar I. Baldvinssonar. Stjórnandi: Álfheiður Björgvinsdóttir

Klukkan 13:45 – 14:00

Barnakór Smáraskóla | Fordyri Salarins

Lög tengd náttúru, ævintýrum og friði. Stjórnandi: Ásta Magnúsdóttir

Klukkan 14:00 – 14:30

Búkolla | Salurinn

Frumflutningur á nýju ævintýratónverki Gunnars Andreas Kristinssonar við sígilt ævintýri. Flytjendur:

Huld Óskarsdóttir, sögumaður ásamt kammersveit. 3.bekkingum í Kópavogi var einnig boðið á Búkollu 8.apríl.

Klukkan 14:15

Allra veðra von | Náttúrufræðistofa Kópavogs

Sævar Helgi með aðgengilegan fyrirlestur fyrir alla fjölskylduna um loftslag og veðurfar.

Klukkan 14:30 – 15:00

Dans&kúltúr | Fordyri Salarins

Fjörugt dansparty með Friðriki Agna og Önnu Claessen

Klukkan 15:00

Málþing Vatnsdropans | Gerðarsafn
Ungir sýningastjórar spá í framtíðina

Klukkan 15:30

Hvassviðri | Fordyri Salarins
Hljómsveitin Hvassvirði tekur sígilda slagara

Klukkan 16:00

Nordjysk Pígekor & Skólakór Kárness | Kópavogskirkja
Sameiginlegir tónleikar með norrænum sönglögum fyrir barnakóra

Í Náttúrufræðistofu og Bókasafni verður boðið upp á splunkunýja ratleiki og þrautaleiki.

Allra veðra von | Náttúrufræðistofa

Líflegur ratleikur á útisvæði þar sem markmiðið er að finna falda veðurþætti sem þar lúra á víð og dreif. Innandyra leita þeir síðan fjölbreyttra, jákvæðra, og stundum óvenjulegra, loftslagslausna í vöfundarhúsi safnsins.

Heimur ævintýranna | Bókasafn Kópavogs

Skemmtilegur og áhugaverður ratleikur um heim ævintýranna fyrir alla fjölskylduna.